

Nr. 52.

30.
júli.

Lög

um
girðingar.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Hóltsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum, ef hann er 2 fet, en 2 strengir, ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2\frac{1}{2}$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Girðing, sem lán er veitt til úr landssjóði, sje gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða fjelag, og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fje það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga, til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullger innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim, er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6 % vöxtum.

5. gr.

Skýlt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til úr landssjóði, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

Nr. 52. Lög 30. júli um girðingar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Hegn.

Nr. 52.
30.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Hegn, hvortil der ydes Laan af Landskassen eller Tilskud af det offentlige, skulle i det mindste have en Højde af 42 Tommer.

En Traadindhegning paa flad Mark er ikke lovgyldig, medmindre den har 5 Rækker Traade. Som Underlag for Traadhegnet kan der opføres en Vold af 2—3 Fods Højde, ovenpaa hvilken der da skal opstilles 3 Rækker Traade, hvis Underlaget er af 2 Fods Højde, men 2 Rækker Traade, hvis det er 3 Fod højt.

§ 2.

Stolper, hvortil Traaden er fastgjort, nedrammes med 2½ Favns Mellemrum, hvad enten Hegnet staar paa flad Mark eller der som Underlag under Traadhegnet er opført en Vold i Henhold til § 1.

Hegn, hvortil der af Landskassen ydes Laan, skal iøvrigt opføres efter et af Regeringen fastsat Regulativ.

§ 3.

Naar nogen, være sig Enkeltmand eller Forening, ønsker at opføre et Hegn og ansøger om Laan dertil af Landskassen, skal Ansøgningen være ledsaget af en Redegørelse for det paatænkte Hegns Længde og Beskaffenhed samt Overslag over Omkostningerne. Hvis den hvert Aar til Indhegningerne bestemte Sum ikke strækker til for at tilfredsstille alle Andragere, skulle de som ikke komme i Betragtning den Gang, under forøvrigt lige Omstændigheder komme først i Betragtning næste Aar.

§ 4.

Hegn, hvortil Laan ydes af Landskassen, skal være færdig inden to Aar efter at Laanet var ydet. Reppens Vurderingsmænd skulle optage Synsforretning over Hegnet og sende Ministeriet Attest om, at det er opført i Overensstemmelse med Bestemmelserne i §§ 1 og 2 samt de i § 2 omhandlede Regulativer. Omkostningerne ved Synsforretningen udredes af Laantageren. — Hvis Hegnet ikke inden to Aars Forløb er færdigt, forfalder hele Laanet til Betaling med 6 % Rente.

§ 5.

Enhver, være sig Enkeltmand eller Foreninger, der af Landskassen har erholdt Laan til Opførelse af Hegn, er pligtig til at vedligeholde, reparere og fornye dem efter Behov. Syn af de enkelte Jorders Hegn, hvortil Laan ydes af Landskassen, skal finde Sted, naar Brugeren fratræder, og skal de afleveres i lovgyldig Stand eller med fuld Aabod.

Nr. 52.

30.
júli.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarð-eigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðslánu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sje milli vegarjað-arins og girðingarinnar. Gaddavírgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 6 álnir sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sje hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

Á öllum girðingum yfir vegi skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búíð, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyld-ur að loka því á eftir sjer. — Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykkt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða þeirra, er á fundi mæta og samþykktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breyt-ingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþykktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslu-nefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

Nr. 52. Lög 30. júlí um girðingar.

§ 6.

Lægges en Jord øde, saa at Indhegningen ikke mere er til Nytte, kan Jordejeren eller Opsidderen befries for Forpligtelsen til at vedligeholde den, men han maa da fuldt ud betale, hvad der staar tilbage af Laanet af Landskassen.

Nr. 52.
30.
Juli.

§ 7.

Hegn maa ikke opføres nærmere en Alfjarvej end i mindst 1 Alens Afstand fra Vejkanten. Pigtraadshegn maa ikke opføres nærmere Alfjarvej end i mindst 6 Alens Afstand fra Vejkanten. Pigtraad maa ikke benyttes til Traaer langs private Veje og Rigestier til Gaard og Hus, medmindre der som Underlag under Traadhegnet er opført en Vold af 3 Fods Højde.

§ 8.

Paa ethvert Hegn, der gaar tværsover en Vej, skal der være fornødne Led-aabninger, saaledes indrettede, at de kunne skydes op og lukkes. Passerer en Rejsende et Led paa Indhegningen, er han pligtig at lukke det efter sig. Overtrædelser heraf samt forsætlige Beskadigelser af Hegn og Led paadrager Bøder og Skadeserstatning.

§ 9.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til for større eller mindre Omraader indenfor Sysselet at affatte Vedtægter angaaende Anvendelse af Pigtraad, fælles Hegn til Værn mod Kreaturer, Hegnenes Indretning og Vedligeholdelse samt Græsningen indenfor samme.

§ 10.

Finder Sysselforstanderskabet det fornødent at oprette en Vedtægt i Henhold til § 9, har det eller dets Formand at indkalde et Møde i det Distrikt, for hvilket Vedtægten paatænkes at skulle gælde. Sysselforstanderskabet bestemmer Mødestedet; Formanden eller den, som Sysselforstanderskabet vælger dertil, bestemmer Dagen for Mødet og leder Forhandlingerne.

§ 11.

Paa det i § 10 omhandlede Møde forelægger Formanden et af Sysselforstanderskabet vedtaget Forslag til en Vedtægt. Naar Forsamlingen har vedtaget Forslaget i uforandret Skikkelse med $\frac{2}{3}$ af de i Vedtægten interesserede Tilstedeværendes Stemmer, har Sysselmanden at indsende det til Ministeriet til Stadfæstelse og Autorisation. Paa samme Maade forholdes der med Forslaget, selv om Forsamlingen deri foretager Forandringer, for saa vidt de ere blevne vedtagne med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer og tiltrædes af Sysselforstanderskabet. Finder Sysselforstanderskabet de af Forsamlingen vedtagne Ændringsforslag uantagelige, bliver et nyt Møde at indkalde. Vedtages da Forslaget uforandret af Forsamlingen med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, forholdes der med det paa den ovenfor angivne Maade.

§ 12.

Repsforstanderskaberne bemyndiges til for større eller mindre Omraader indenfor Reppen at affatte Vedtægter angaaende det i § 9 omhandlede Æmne. Vedtægternes hele Behandling foregaar dog paa den i §§ 10 og 11 omhandlede Maade, dog saaledes at Repsforstanderskabet i enhver Henseende træder i Stedet for Sysselforstanderskabet og Repsforstanderskabets Formand i Stedet for Sysselforstanderskabets Formand.

Nr. 52.

30.
júli.

13. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppsamþykkt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalíuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

§ 13.

Nr. 52.
30.
Juli.

Finder Ministeriet, at en paa den foreskrevne Maade vedtaget og til Stadfæstelse indsendt Vedtægt kommer i Strid med Lovenes Grundsætninger eller Enkeltmands Ret, tilbagesendes den ledsaget af Tilkendegivelse af Grundene for Ministeriets Afslag.

I modsat Fald stadfæster Ministeriet Vedtægten, foranstalter den bekendtgjort, samt bestemmer, naar den skal træde i Kraft, hvorefter den er bindende for alle, som bo inden det Landomraade, for hvilket den skal gælde.

§ 14.

Overtrædelse af denne Lov straffes med Bøder fra 5—100 Kr., der tilfalder Syssellassen. Ligeledes kan der for Overtrædelse af Vedtægter, oprettede ifølge denne Lov, fastsættes Bøder fra 2—20 Kr., der tilfalde henholdsvis Syssellassen eller Repskassen, efter som Overtrædelsen gælder Sysselvedtægt eller Repsvedtægt.

§ 15.

Sager i Anledning af Overtrædelser af denne Lov samt af de i Henhold til den oprettede Vedtægter behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.